



Fréttabréfið er sent í tölvupósti til allra foreldra. Það er einnig á vefsíðu skólans.

- Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:30 til 15 alla skóladaga.
- Heimasíða skólans er: www.öldutunsskoli.is
- Sími skólans er 555 1546

Skólinn er opnaður klukkan 8 á morgnana.

A – álma skólans er þó **opnuð klukkan 07:45** og geta nemendur í 1. til 4. bekk verið þar í kennslustofum undir eftirliti skólalíða þar til kennsla hefst.

Könnun um einelti og líðan nemenda í skólanum

Árlega fáum við nemendur 4. til 10. bekkjar til að svara stöðluðum spurningum Olweusaráætlunar og er því nýlukið þetta árið. Við vonumst til að geta birt niðurstöður fljótlega eftir áramót. Við brýnum fyrir foreldrum að vera vel á verði og láta okkur vita ef þeir verða varir við óboðleg samskipti í barnahópnum.

Ánægjuleg aðventa í Öldutúnsskóla

Nú í desember þegar dregur að jólum er margt sem nemendur, kennarar og foreldrar gera til að lifga upp á skammdegið, undirbúa jólahald og læra um það hvers vegna við höldum jól.

Foreldrar hafa komið í skólann og verið með börnum sínum að skreyta jólatré til að hafa í kennslustofum og þá er gjarnan heitt súkkulaði og piparkökur í boði. Vina-bekkir hittast, lesa saman og spila. Sumir baka eða gera kókoskúlur saman og er ánægjulegt að sjá hve þau eldri njóta þess að aðstoða yngri og þau eru svo stolt af því að hafa þau eldri að skólavinum.

Nokkrir bekkir hafa heimsótt Hafnarfjarðarkirkju eða Frikirkjuna en þar tók Sigríður prestur ásamt Erni tónlistarstjóra á móti fyrstu bekkjum. Sigríður sagði og lék í leiðinni jólaguð-spjallið ásamt því sem Örn spilaði og söng jólasöngva með börnunum. Þetta var falleg stund og allir voru til fyrirmyndar. Á eftir var svo öllum boðið í heitt súkkulaði með rjóma og smákökur. Einnig er farið í Þjóðminjasafnið til að heilsa uppá jólasvein dagsins, bæjarferðir til að skoða hvernig bærinn færir í jólabúning og þá er gjarnan heitt kakó haft með í nesti. Að venju er áttundi bekkur með góðgerðardag og kemur fulltrúi mæðrastyrksnefndar og tekur við jólapökkum sem nemendur gefa. Þriðju bekkjar endurunnu pappír og gerðu glæsileg jólakort fyrir skólastjóran og anda umhverfisstefnunnar en kortin eru send með jólakveðju til samstarfsaðila og velunnara skólans.

Að venju var Kór Öldutúnsskóla með jólatónleika sem voru í Hafnarfjarðarkirkju ásamt kvennakór Öldutúns og var húsfyllir. Þrátt fyrir góðan kvennakór og Pál Óskar þá er ekki hægt að segja að neinn hafi stolið senunni frá krökkunum. Einn áheyrandi sagði: „Ég er búinn að sitja hérna með tárin í augunum alla tónleikana.“ Annar sagði: „Bestu tónleikar sem ég hef farið á með kórnum, þvílíkar framfarir.“ Það er ánægjulegt að finna hve hin mikla vinna við æfingar skilar sér svona fallega. Börnin hafa lagt mikið á sig eins og alltaf, mætt á aukaæfingar af kappi og stundað mikið heimanám í textum og söng.

Jólaskemmtanir eru í undirbúningi þar sem allir bekkir koma fram með skemmtiatriði á sal og það er venja hjá okkur að fimmti bekkur undirbúi helgileik og flytji jólaguð-spjallið fyrir alla hópa. Þetta er mikið hlutverk og alltaf jafn hátíðlegt. Egill Friðleifsson kemur til okkar og spilar undir sönginn þegar við dönsum í kringum jólatréð og kórfélagar eru alltaf til aðstoðar. Þetta eru ánægjulegar hefðir sem við höldum í og skapar aukinn hátíðarblæ. Í hönd fer hátíð og við vonum einlæglega að allir geti fundið fyrir friði, kærleika og umburðarlyndi.



Fyrstu bekkjar að skreyta jólatré ásamt foreldrum

Jólaskemmtanir

Skemmtanir og stofujól hjá yngri- og miðdeild eru fimmtudaginn 20. desember á eftirfarandi tímum:

1. bekkur klukkan 8:10 til 10:30.
2. bekkur klukkan 8:10 til 10:50.
3. og 4. bekkur klukkan 9:50 til 12:30.
- 5., 6. og 7. bekkur klukkan 11:30 til 14:10.

Jólaskemmtun hjá 8. til 10. bekk er klukkan 19:30 til 22:00 miðvikudaginn 19. desember og er unglíngadeildin þar með komin í jólaleyfi

VIRÐING VELLÍÐAN VIRKNI

Stefna Öldutúnsskóla

Í samvinnu við foreldra og skólayfirvöld er stefna Öldutúnsskóla að:

Leggja áherslu á jákvætt námsumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að efla sjálfa sig, styrkja sjálfsmynd sína og taki sífellt meiri ábyrgð á sjálfum sér og námi sínu eftir því sem aldur og þroski þeirra gefur tilefni til.

Skólastarfið mótist af nútímalegum vinnubrögðum og séu gefandi og skapandi. Stundaðir séu fjölbreyttir kennsluhættir sem koma til móts við þarfir nemenda með áherslu á styrkleika þeirra.

Veita nemendum þekkingu til undirstöðu fyrir frekara nám og starf. Þeir eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu sem mótist af virðingu og víðsýni gagnvart samferðafólki.

Stunda gagnkvæmt samstarf og upplýsingamiðlun milli heimilis og skóla sem styrki báða aðila að búa börnunum góð námsskilyrði.

Fréttir og tilkynningar

- Kennsla hefst að nýju eftir jólaleyfi föstudaginn 4. janúar 2013.
- Við biðjum foreldra að koma við og huga að óskilafatnaði sem er í skólanum.

Skólastjórar og starfsfólk Öldutúnsskóla senda öllum nemendum og foreldrum þeirra bestu jólakveðjur með óskum um farsæld og frið á komandi ári. Við þökkum ykkur öllum fyrir gott og gefandi samstarf á liðnum árum.

Hittumst heil á nýju ári.



Öldutúnsskóli
VIRÐING - VELLÍÐAN - VIRKNI

